

Þróun fjarnáms

við HÍ



HÍ


Framtíðarsýn HÍ26

Skólinn vill skapa opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og á viðtækt samstarf við háskóla og þekkingarsetur um allan heim.

Með því að tryggja óskorað traust, byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum, getur háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið.

Áætlun um fjarnám 2021–2026

Áætlunin byggist á stefnu skólans, HÍ26, þar sem lögð er áhersla á sífellda þróun kennsluhátta og námsframboðs sem grunn að gæðum námsins og að prófgráður standist alþjóðlegan samanburð. Einnig er lögð áhersla á notkun stafrænnar tækni til að efla kennsluhætti, auka samskipti og mæta ólíkum þörfum nemenda, m.a. vegna búsetu og fötlunar.





Stuðningur til deilda

Háskóli Íslands kappkostar að sinna fjölbreyttum þörfum nemenda með úrvali námsleiða sem henta þeim fjölmörgu fræðigreinum sem kenndar eru við skólann. Lögð er áhersla á að HÍ sé kjölfesta í háskólaumhverfi á Íslandi sem býður upp á bæði staðnám og fjarnám af mestu gæðum. Á árunum 2021-2026 verður sérstakt átak í þróun fjarnáms þar sem tækjabúnaður, sérfræðiþekking og stuðningur við kennara verður eflur með hliðsjón af inngildingu og algildri hönnun. Samhliða verður námsframboð í fjarnámi aukið og það gert sýnilegra. Kennslusvið HÍ styður þær deildir sem vilja endurskoða fjarnám, setja á stofn fjarnámsleiðir samhliða staðnámi eða skipta úr staðnámi yfir í fjarnám.

Markmið áætlunar um fjarnám 2021-26

- 1 Að gæði fjarnáms við HÍ séu tryggð og byggist á kennslufræði fjarnáms
- 2 Að framboð fjarnáms á vegum HÍ sé ljóst og aðgengilegt
- 3 Að öllum sem starfa við HÍ, þ.e. kennurum, nemendum og öðru starfsfólki, sé ljóst við hvað sé átt með fjarnámi
- 4 Að kennarar fái stuðning við hönnun fjarnáms
- 5 Að fjarnám verði almennt boðið fram sem heildstæð námsleið fremur en stök námskeið
- 6 Að fjarnám í boði við HÍ styðji við atvinnulíf og þarfir nemenda og samfélags

Vinna við áætlun um þróun fjarnáms hefur staðið yfir í nokkur misseri og hefur nú verið hrint í framkvæmd. Eitt af fyrstu verkefnum var að ráða verkefnisstjóra fjarnáms við skólann. Verkefnisstjóri leiðir innleiðingu áætlunarinnar og þróun verkefnisins í samstarfi við fræðasvið skólans.




Gæðaviðmið fjar- og netnáms

Viðmiðin byggja á þeim markmiðum sem sett hafa verið fram varðandi þróun fjarnáms við HÍ. Mikilvægt er að deildir/námsleiðir sem bjóða upp á fjar- og/eða netnám vinni að því við þróun þess að öllum þessum viðmiðum sé náð.³

- 1 Námsleiðin er í boði sem heildstæð námsleið í fjarnámi/netnámi
- 2 Upplýsingar um námskeið og námsleiðir eru aðgengilegar bæði á vef HÍ og í kennsluskrá
- 3 Námsleið er hönnuð í samræmi við kennslufræði fjarnáms/netnáms
- 4 Námskeið eru hönnuð í samræmi við kennslufræði fjarnáms/netnáms
- 5 Hæfniviðmið námskeiða endurskoðuð í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á námskeiðum
- 6 Lokaviðmið námsleiðar endurskoðuð í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á námsleiðinni
- 7 Kennurum stendur til boða leiðsögn í skipulagningu fjar- og netnáms, námsmati í fjar- og netnámi og kennslukerfum háskólans
- 8 Allt námsefni námskeiða er aðgengilegt í námsumsjónarkerfi HÍ og hefur nægjanlega gagnvirkni (nemandi við viðfangsefni, nemandi við nemanda og nemandi við kennara) til að hvetja til virkrar þátttöku
- 9 Nemendur hafa aðgang að tækni-ráðgjöf og ráðgjöf og stuðningi í tengslum við fjarnám/netnám





Verkáætlun

- 1 Forkönnun send á fræðasvið
- 2 Verkefnisstjóri fjarnáms hefur störf
- 3 Samráð við fræðasvið
- 4 Þróun námsleiða
- 5 Nám kynnt í kennsluskrá og á vef HÍ
- 6 Kennsla á endurskoðuðum og/eða nýjum námsleiðum hefst

AUKIN SÉRFRÆÐIÞEKING

Kennslusvið hefur átt í samtali við erlenda sérfræðinga sem hafa til þess reynslu og þekkingu að taka námsleiðir og færa úr staðnámi í fjarnám og/eða netnám sem og að vinna markvísst með kennurum og stjórnendum að endurskoðun, mótun og útfærslu á fjarnámi/netnámi út frá kennslufræði fjarnáms. Í febrúar

2023 munu öll sem koma að innleiðingu fjarnáms hefja formlega vinnu með tédum sérfræðingum sem halda námskeið/vinnustofur fyrir hópinn, aðstoða við mótun, uppsetningu og verklag námskeiða, skipulag og mat.

FRAMBOÐ FJARNÁMS GERT SÝNILEGRA

Átak í markaðssetning fjarnáms innan skólans, hönnun og þróun á vef ásamt öðru kynningarefni.

FJÖLGUN NÁMSLEIÐA Í FJARNÁMI

Í samræmi við niðurstöður könnunar á vormisseri verður fjárhagsstuðningur veittur til námsleiða og deilda við þróun fjarnáms.



Skilgreiningar á námsformum¹

STAÐNÁM

Þýðir að námsleið og námskeið eru skipulögð þannig að námið fer fram á tilteknum tíma og stað (í kennslurými) og þar er gert ráð fyrir rauntímaþátttöku nemenda.

FJARNÁM

Þýðir að námsleið og námskeið eru skipulögð þannig að námið fer fram á netinu og gert er ráð fyrir rauntímaþátttöku á netfundum og/eða í staðlotum.

NETNÁM

Þýðir að námsleið og námskeið eru skipulögð þannig að námið fer fram á netinu og ekki er gert ráð fyrir neinni rauntímaþátttöku. Nemendur ráða alfarið hvaða stað og tíma þeir nota í námið.

SJÁLFSNÁM

Þýðir að fyrirkomulag sjálfsnáms byggist á samkomulagi milli nemanda og kennara (t.d. lesnámskeið, einstaklingsverkefni).

VALVÍST NÁM²

Þýðir að nemendur hafa val um hvort þeir taki þátt í námskeiði með því að mæta á staðinn, taka þátt í gegn um netið með streymi (rauntíma viðvera) eða horfi á upptökur.

¹ Skilgreiningar byggja á skýrslu Menntavísindasviðs, Þróum fjarnámið.

² Ekki er hægt að velja námsformið valvíst nám í kennsluskrá. Ef námskeið er skipulagt sem slíkt þá er í kennsluskrá bæði merkt við staðnám og fjarnám.



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**